



Landssamtök hjólreiðamanna

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar
Fundur nr. 356, 8. okt. 2025
Liður 8 - bréf Strætó um Stjörnugróf og Fossvogsbrún

Skipulags- og umhverfisráð Kópavogsbæjar
Fundur nr. 18, 3. nóv. 2025
Liður 3 - erindi frá Strætó um Stjörnugróf og Fossvogsbrún

Kópavogi 11. nóvember 2025

Athugasemdir við:


Lagt fram bréf Strætó um Stjörnugróf og Fossvogsbrún dags. 8. sept. 2025 þar sem óskað er eftir því að Reykjavíkurborg og Kópavogur hefji undirbúning að byggingu strætóvegna milli Stjörnugrófar og Fossvogsbrúnar, ásamt fylgigögnum. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar og skrifstofu skipulags- og byggingarmála (Reykjavíkurborgar). USK23020272

Lagt fram erindi frá Strætó bs. dags. 8. september 2025 þar sem óskað er eftir því að Reykjavíkurborg og Kópavogur hefji undirbúning að byggingu strætóvegna milli Stjörnugrófar og Fossvogsbrúnar ásamt því að setja upp hlið og tvær nýjar stoppistöðvar í Reykjavík og Kópavogi. Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa (Kópavogsbæjar). 2109382


Landssamtök hjólreiðamanna (LHM) telja að þetta erindi sé vanreifað af hálfu Strætó / EFLU og ætti því þá þegar að hafna erindinu að svo komnu máli. Það má vel vera að þetta geti hugsanlega verið góð hugmynd en ekki byggt á þessari greiningu sem EFLA gerði og Strætó lagði fram.

Greiningin einblínir á mót Fossvogsbrúnar og Stjörnugrófar en hunsar alfarið aðrar tengingar og aðra umferð um og yfir Fossvogsbrún og Stjörnugróf.

LHM hefur ekki áhyggjur af syðstu stígtengingunni (1), sem fer um syðri hluta Fossvogsbrúnar og svo yfir Smiðjuveg:




LHM hefur hins vegar miklar áhyggjur af aukinni umferð stórra bíla um gatnamót Traðarlands og Stjörnugrófar



en ekkert er fjallað um þau í þessari greiningu. Þarna fer yfir einn af stærri hjólastígum borgarinnar, Sólarleið (í grænu). Hjólríðafólk almennt hjólar á ská yfir gatnamótin, sem er auðvelt í dag þrátt fyrir að hönnun styðji það ekki, því lítil umferð er almennt um Stjörnugróf og sú litla umferð er mestmegnis umferð fólksbíla og jepplinga. Þetta myndi breytast ef Stjörnugróf og Fossvoðsbrún yrðu tengd því þá yrði mjög regluleg umferð strætisvagna um þessi gatnamót. Sérstaklega ber að minnast á að enginn hjólar bláu leiðina í ítrekuðum 90° beygjum, sem er sú hjólaleið sem er formlega hönnuð þarna algjörlega á forsendum

bílstjóra. Greina þyrfti áhrifin á þessi stíga-/gatnamót og gera ráðstafanir til að forgangsraða umferð hjólandi yfir þau og tryggja bæði flæði og öryggi hjólreiðafólks.

LHM hefur gert tillögu bæði til Kópavogsbæjar (í erindi 22. apr. 2025) og Reykjavíkurborgar (í kynningu 23. sep. 2025) um nýjan hjólastíg á milli Fossvogsdals og Stekkjarbakka/Grænastekks sem myndi flakka á milli sveitarfélagsmarkanna og fara á milli Stjörnugrófar og Fossvogsbrúnar:



Þessi sameiginlegi hjólastígur sveitarfélaganna myndi tengja Fossvog við stígakerfi Elliðarárdals og seinna við stíg til Höfðabakka, væri leið án núnings við bílstjóra, og væri leið þar sem hjólreiðafólk vinnur upp hæð jafnt og þétt. Hugsa þyrfti tengingu Fossvogsbrúnar og Stjörnugrófar út frá þeim hugsanlega framtíðarmöguleika að þarna komi hjólastígur. Slíkur stígur ætti skv. hönnunarleiðbeiningum að vera hannaður fyrir viðmiðunarhraða upp á 30 km/klst.

Þegar í dag er þetta fjölfarin hjólaleið þar sem m.a. fara um rafmagnsreiðhjól og rafhlaupahjól sem almennt eru á 25 km/klst. hraða.

Engu að síður gefur EFLA sér í kynningu að „*Sjónlengdarviðmið mætt fyrir hönnunarhraða stígs 20 km/klst*“ og að „*Sjónlengdir við gatnamót þar sem akandi umferð þverar hjóla/göngustíg tekur mið að stöðvunarsjónlengd og hönnunarhraða á stíg.*“

Það veit aldrei á gott að afneita raunveruleikanum. Sérstaklega Kópavogsmegin er núverandi stígur mjög breiður og engin ástæða að ætla að hægt sé að miða við þann

hönnunarhraða sem finna má á pappír frá gamalli tíð, hvorki nú né til framtíðar. Þetta minnir LHM tölvuvert á skipulagsbreytingar á Fiskislóð sem lagðar voru fram fyrir nokkrum árum en hjólastíginn á Fiskislóð var alls ekki að finna á þeim teikningum og þrátt fyrir rökstudd mótmæli LHM (þ.m.t. myndir af hjólastígnum) var það ekki lagað.

Staðsetja yrði búnað/hlið þannig að 3+3m stígur gæti farið þarna í gegn með öryggismörkum, ef og þegar nýr Fossvogstígur yrði lagður, en á teikningum er hann settur alveg óþarflega þétt upp við núverandi stíg.

Ennfremur yrði að gera ráðstafanir til þess að hjólréiðafólk geti hjólað á milli Stjörnugrófar og Fossvogsbrúnar og einnig á stíginn og af honum til beggja gatna. Skilja má teikningar þannig að það yrði vandkvæðum bundið því einungis strætisvagnar og neyðarbílar myndu fá að keyra þessa tengingu.

LHM vill benda á að Strætó minnst ekkert á hvað verði gert þegar búnaður á tengingunni mun bila. Ekki ef hann bilar, heldur þegar hann bilar því hann mun bila. Verður þá leiðin opin og óvöktuð og auðvelt öllum bílstjórum að streyma þarna í gegn? Eða verður hún með mannaðri vöktun eða verður henni lokað?

Að lokum vill LHM benda á að ekkert er talað um hvernig vetrarþjónustu verður sinnt í kringum þennan búnað; og ljósi þess að vetrarþjónustu á þverunum er mjög illa sinnt í dag, hvaða ráðstafanir verði gerðar til að þessi stíga-/gatnamót verði undantekningin þar á (eða í fararbroddi um nýja tíma).

Um Landssamtök hjólréiðamanna

Landssamtök hjólréiðamanna (LHM) eru hagsmunasamtök sem hafa að markmiði m.a. að efla hjólréiðar á Íslandi sem heilsusamlegan lífsmáta og sem samgöngumáta. Öll helstu hjólréiðafélög landsins eiga aðild að LHM. Samtökin eru þó ekki aðeins málsvari félagsmanna hinna ýmsu hjólréiðafélaga sem telja yfir 2000 manns heldur eru þau jafnframt málsvari allra sem hjóla á Íslandi. LHM er aðildarfélag að European Cyclists' Federation, sem eru heildarsamtök fyrir hjólréiðafélög til samgangna og ferðalaga í Evrópu. Aðildarfélag ECF er að finna í flest öllum löndum Evrópu. LHM hlaut samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar 2012 fyrir virka þátttöku og áhrif í að efla hjólréiðar á Íslandi.